



Matarhlé verður fastur þáttur í blaðinu okkar en þar er um að ræða eins konar áskorendakeppni sem við vonum að mælist vel fyrir. Við fengum Tómas Búa Böðvarsson á tækni- og umhverfissviði Akureyrarbæjar til að riða á vaðið og hann býður okkur rétt sem hann kallar „einfaldan fiskrétt í súrsætri sósu.“

Einfaldur fiskréttur í súrsætri sósu

Í réttinn þarf það grænmeti sem til er hverju sinni, en t.d. er gott að nota:

- 1/4 hvítkál
- 1/2 græna papriku
- 1/2 rauð paprika
- 2 gulrætur
- 1 lauk
- 2 ýsuflok (800 g) eða annan fisk
- salt, hveiti, karrý og olíu til steikingar
- 2 krukkur Uncel Ben ☐s súrsæt sósa.

Grænmetið er skorið í ræmur og léttsteikt í olíu án þess að brúna það. Látið biða. Fiskurinn er skorinn í bita og saltaður. Bitunum er velt upp úr hveitiblönduðu karrý (og e.t.v. öðru kryddi t.d. Season All). Fiskbitarnir eru síðan steiktir í olíu á pönnu. Þegar þeir eru u.þ.b. að verða fullsteiktir er grænmetinu hellt yfir ásamt súrsætri sósunni. Gott er að vera búinn að hita sósuna aðeins (t.d. í örbylgjuofni) áður en henni er hellt yfir pönnuna. Látið jafnast saman í u.þ.b. 1 mín. (ekki hræra mikið í) og berið fram á pönnunni. Gott er að hafa hrísgrjón og fléttubrauð með.

Tómas Búi skorar á Hrefnu Hjálmarsdóttur leikskólakennara á Flúðum að töfra fram skemmtilega uppskrift fyrir næsta tölublað.

Starfsmannasamtöl skulu fara fram árlega

Starfsmannasamtöl þar sem yfirmaður ræðir við hvern starfsmann um vinnuframlag hans og möguleika á þróun í starfi skulu fara fram á hverju ári, samkvæmt starfsmannastefnu Akureyrarbæjar.

Í starfsmannahandbók á heimasíðu Akureyrarbæjar er að finna upplýsingar um hvernig starfsfólk getur undirbúið sig fyrir starfsmannasamtölin. Til þess að þau beri sem mestan árangur er mikilvægt að starfsfólk skoði vel hvað það vill ræða sérstaklega og undirbúi samtölin vel.

Styrktarsjóðir BSRB og BHM

Styrktarsjóðir BSRB og BHM greiða bætur í slysa- og veikindatilfellum, ferðakostnað vegna aðgerða og rannsókna auk þess sem sjóðurinn styrkir ýmsar fyrirbyggjandi og heilsueflandi aðgerðir. Þar má nefna sjúkrahjálfun, sjúkrannudd, líkamsrækt, laser-aðgerðir á augum, sjónglerjakaup og tannlækna-kostnað svo dæmi séu tekin.

Úthlutunarreglur, umsóknareyðublöð og frekari upplýsingar um sjóðina má nálgast á heimasíðunum: www.styrktarsjodur.bsrb.is og www.bhm.is.



Útgefandi: Akureyrarbær.
Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson.
Ritnefnd: Ingunn Helga Bjarnadóttir, Jón Birgir Gunnlaugsson, Ragnar Hólm og Þórgnýr Dýrfjörð.
Netfang: akureyri@akureyri.is.
Hönnun og umbrot: Stíll
Prentun: Ásprent

Fæddur er nafnlaus miðill



Ritstjórnin óskar eftir nafni

Nú lítur dagsins ljós lítið fréttabréf sem dreift er til allra starfsmanna bæjarins. Ætlunin er að gefa það út fjórum sinnum á ári; í mars, júní, september og nóvember. Ritnefnd hefur sett sér það markmið að hafa blaðið bæði fræðandi og skemmtilegt. Það er ykkar að dæma hvernig til hefur tekist!

En hvað á barnið að heita? Það vafðist fyrir fólki á fyrsta ritstjórnarfundinum og þá kom fram sú hugmynd að efna til samkeppni um nafnið. Við biðjum ykkur nú að leggja höfuðið í bleyti, finna eitthvert lýsandi nafn við hæfi og senda tillögur ykkar á netfangið akureyri@akureyri.is.

Vonandi verður þá komið eitthvert nafn á krógann þegar hann gægist aftur upp úr launaumslögum í júníbyrjun. Veitt verða verðlaun fyrir það nafn sem ritstjórnin velur: Árskort í Hlíðarfjall og leikhúsmiðar fyrir tvo frá Leikfélagi Akureyrar. Verið ófheimin við að senda inn tillögur - því fleiri því betra!

Auðhumla í faðm listanna



Í vor stendur til að flytja styttuna af Auðhumlu, sem nú stendur við Norðurmjólk, í Listagilið. KEA lét reisa hana árið 1986 en höfundur er Ragnar Kjartansson.

Margir leikskólar hafa það fyrir sið að heimsækja kúna á efri brekkunni og hún er gestum fyrirtækisins augnayndi. Nú á hún hins vegar að fá nýjan samastað í gílinu þar sem enn fleiri fá notið. Listagilið eða Grófargilið var áður miðstöð mjólkurvinnslu KEA en er nú miðstöð myndlistar. Kýrin Auðhumla mun því vísa til merkilegrar sögu í fortíðinni um leið og hún sem listaverk endurspeglar samtímann. Akureyrarbær og Norðurmjólk standa saman að þessu verkefni.

Hvað ertu að gera?



Fastur þáttur í blaðinu okkar verður kynning á einhverjum einum starfsmanni Akureyrarbæjar. Ætlunin er að fara vítt og breitt og gefa lesendum innsýn í alls konar störf sem innt eru af hendi. Það er ótrúlega margt og fjölbreytt starf sem unnið er á vegum bæjarins. Í þessari fyrstu atrennu ber okkur niður í nýrri tólmstundamiðstöð í gamla Barnaskólahúsinu en endurbótum á því lauk nú í febrúar. Þar hittum við fyrir Guðrúnu Höllu Jónsdóttur sem hefur verið forstöðumaður Hússins í hálf tólf áttu ár. Og við komum okkur beint að efniinu!

Leikskólinn Hólmasól

Leikskólinn Hólmasól sem nú er að rísa á milli Helgamagrastrætis og Þórunnarstrætis á Akureyri er óðum að taka á sig mynd. Byggingin er langt komin og er hin reisulegasta; fallett hús á fallettum stað í bænum. Hjallastefnan ehf. mun annast rekstur leikskólans en eins og kunnugt er bauð Akureyrarbær reksturinn út. Hjallastefnan ehf. er einkahlutafélag sem stofnað var um hugmyndafræði Hjallastefnunnar sem Margrét Pála Ólafsdóttir er höfundur að og rekur upphaf sitt til opunar leikskólans Hjalla í Hafnarfirði árið 1989. Fyrirtækið rekur nú leikskólana Hjalla og Hjalla 2 í Hafnarfirði, leikskólann Ása í Garðabæ og Barnaskóla Hjallastefnunnar á Vífilstöðum en þar er verið að þróa hugmyndafræði Hjallastefnunnar fyrir grunnskólastig. Hugmyndafræði Hjallastefnunnar er heildstæð námskrá fyrir leikskóla þar sem enginn starfsþáttur er undanskilinn og hvert smáatriði skiptir máli í því að skapa jákvæða reynslu nemendanna. Þó að margir þættir í starfsháttum Hjallastefnunnar séu óvenjulegir eða óhefðbundnir er jafnréttisuppeldi sá þáttur sem mesta athygli hefur vakið en því má í raun skipta í tvo meginþætti; kynjaskiptingu annarsvegar og kynjanámskrá hinsvegar. Þeim sem vilja kynna sér Hjallastefnuna og starfsemi leikskólans Hólmasólar er bent á vef Hjallastefnunnar: www.hjalli.is

Frá draumi til veruleika

Nafnlaust: Hvað ertu að gera? **GHJ:** „Það er svo margt. Þetta er mjög lifandi og fjölbreytt starf en í sem fæstum orðum felst það í að veita forstöðu menningar- og upplýsingaþjónustu fyrir ungt fólk hér í Húsinu.

Hingað býðst ungu fólki að koma, frá 16 ára aldri og upp úr, til að framkvæma hugmyndir sínar og gera drauma sína að veruleika. Það getur verið í tölvunum, leikið tónlist, verið í alls konar klúbbum o.s.frv. Þar fyrir utan getur það leitað til mín með öll sín mál. Ég ræði við krakkana um það sem hæst ber í lifi þeirra og reyni að gefa góð ráð. Leita til dæmis upplýsinga fyrir þau um nám og störf erlendis, um réttindi þeirra og möguleika. Einnig koma oft upp á borðið persónuleg vandamál og þá reyni ég að leysa úr þeim eftir mætti. Ég er þroskaþjálfari og hef unnið með unglingum, fötludum og ófötludum svo lengi sem elstu menn muna!“

Kaffihús og gítaról

Nafnlaust: Hvernig er að vera komin aftur í Barnaskólann? **GHJ:** „Sjálft gekk ég ekki í þennan barnaskóla en margir sem koma hingað að skoða verða ósköp glaðir að sjá allar endurbæturnar sem gerðar hafa verið á þessu góða húsi.

Það er mjög gott að vera komin hingað. Þetta hús býður upp á mikla möguleika og meðal þess sem við viljum gera hér er að efla námskeiðshald af ýmsum toga. Hér eru nokkrar stofnanir undir sama þaki sem allar eiga það sammerkt að vilja hjálpa fólki að gera hugmyndir að veruleika. Þar á ég við Menntasmiðjuna, Punktinn, Alþjóðastofu og svo Húsið. Við viljum efla með okkur samstarf og útvikka okkur þannig. Til dæmis hefur komið upp hugmynd um að reka hér sameiginlega kaffihús en þar gæti unga fólk mitt, fólk af erlendum uppruna úr Menntasmiðjunni og Alþjóðastofu, og fleiri, lagt saman í púkk til að búa til verulega skemmtilega stemningu. Öll þessi starfsemi sem er hér undir sama þaki getur með mörgum hætti notið góðs hver af annarri. Við gætum til dæmis hugsað okkur að einhvern tónlistarmann hér hjá mér vanti ól á gítarinn sinn. Þá gæti hann rölt niður í Punktinn og athugað hvort einhver þar vildi hjálpa honum að búa til gítaról o.s.frv.“

Græna ljósið

Nafnlaust: Hvernig er vinnutíminn hjá þér? **GHJ:** „Hér er opið frá kl. 14-22 virka daga en verður vonandi fljótlega alla daga vikunnar. Ég mæti í vinnuna hálfniú á morgnana og er hér til fimm eða sjö og tvö kvöld í viku til tíu á kvöldin. Þar fyrir utan er ég náttúrulega alltaf á bakvakt ef eitthvað kemur upp á eða mín er þörf. Það má eiginlega segja að fyrir utan þennan fasta opnunartíma frá 14-22 þá sé opið hér þegar ég er á staðnum.

Mig dreymir eiginlega um að geta komið upp eins konar umferðarljósum eða götuvita einhvers staðar á áberandi stað hér við gamla Barnaskólann og bara láta græna ljósið loga þegar ég er á staðnum og allir mega koma.“


Nafnlaust þakkar Guðrúnu Höllu spjallið og óskar henni - og raunar bæjarbúum öllum - til hamingju með nýtt húsnæði fyrir Húsið.

SJÁLFSAGÐIR HLUTIR

Hvaðan kemur kalda vatnið?

Akureyrarbær hefur með höndum ýmsa þjónustu við bæjarbúa sem þykir e.t.v. sjálfsögð en er þó oft býsna flókin í framkvæmd. Okkur finnst til að mynda sjálfsagt að það komi kalt vatn úr krananum þegar við skrúfum frá. Við leiðum varla hugann að því hversu mikil lífsgæði eru í þessu fólgin en myndum eflaust gera það ef vatnið hætti skyndilega að renna og úr krananum kæmi ekki dropi. En hvaðan kemur allt þetta kalda vatn og hvernig er fyrir því haft að koma því til neytenda?

VATNSVEITA



Vatnsverndarsvæði eru í Hlíðarfjalli, Glerárdal og Vöglum á Þelamörk og verða allir að virða þau til að tryggja að vatninu verði ekki spilt. Nóg er af neysluvatni á Akureyri og er gott vatn auðlind.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur eftirlit með neysluvatni á Akureyri og er vatnsveitukerfið einnig vakt að samkvæmt gæðakerfi Norðurorku.